

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, Pósthólf 10, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Bolungarvík 24. júlí 2020

Ferðafélag Íslands  
Valgeirsstaðir  
524 Árneshreppur

## E.coli í neysluvatni, Valgeirsstöðum

Þann 21. júlí tók Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða sýni af neysluvatni Valgeirsstöðum á Tjaldstæðinu Samkvæmt niðurstöðum úr sýnatökunni stenst vatnið ekki kröfur skv. neysluvatnsreglugerð nr 536/2001, þar sem E. coli fannst í neysluvatninu ( 19/100ml) Eiganda vatnsveitu og heilbrigðiseftirlit skulu ávallt upplýsa viðkomandi neytendur um að vatnið sé ekki öruggt. Meðfylgjandi tilkynningu þarf að hengja upp á áberandi stað þar til nýtt sýni hefur verið tekið sem sýnir fram á að vatnið sé öruggt. Eins verður tilkynning sett á vefsvæði heilbrigðiseftirlits.

Vatnsveitur eru matvælafyrirtæki samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 og bera ábyrgð á neysluvatni, sem þær dreifa og því að upplýsa neytendur og heilbrigðiseftirlit, sé það ekki öruggt til neyslu. Vinsamlegast hengið meðfylgjandi tilkynningu upp við þá krana þar sem gestir geta náð í drykkjarvatn.

Þegar heilbrigðiseftirlitið tekur sýni af neysluvatni þá er vatnið skoðað með tilliti til svonefndra vísibaktería. Þannig er leitað að saurbakteríum, kólígerlum og saurkólí gerlum en þetta eru bakteríur sem hafa uppruna sinn í þörmum dýra með heitt blóð. Tilvist þeirra segir því til um ferska eða nýlega saurmengun. Við það að finna vísibakteríur í neysluvatni gefur okkur tilefni til að álykta að aðrar og hættumeiri bakteríur gæti verið þar einnig að finna. Sterk tengsl eru milli þess að finna saurkólí í vatni og þess að finna *Campylobakter* sem gefur tilefni til sterkra viðbragða um leið og við finnum saurbakteríur í drykkjarvatni.

Meðfylgjandi eru verklagsreglur þegar neysluvatn er mengað og suðuleiðbeiningar.

Með kveðju



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, Pósthólf 10, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is



### Tilkynning til gesta Valgeirsstaða

Við könnun á neysluvatni þann 21. júlí fundust saurgerlar (*E.coli*) í neysluvatninu. Sem varúðarráðstöfun er fólki ráðlagt að sjóða drykkjarvatnið.

f.h. heilbrigðisnefndar



Anton Helgason  
heilbrigðisfulltrúi